

Ágætu MH nemendur.

Nokkur orð frá prófstjóra í tilefni lokaprófa næstu tvær vikurnar. Að venju eru prófin haldin á Miðgarði og Miklagarði og í stofum 30, 31 og 33.

Þegar þið komið í skólann eru skilti og skjáir við aðalinngangana sem tilgreina hvar hvert próf er. Langoftast kemst allur áfanginn fyrir í öðrum salnum en í allra stærstu hópunum þarf að skipta í báða sali.

Við biðjum nemendur sem eiga að vera á Miðgarði að ganga upp tröppurnar hjá gosbrunninum en nemendur sem eiga að vera á Miklagarði að ganga upp tröppurnar hjá Sómalíu/Norðurkjallara og þar áfram upp til vinstri inn á ganginn hjá kennarastofu. Þar er inngangur inn á sviðið á Miklagarði þar sem þið gangið inn.

Nemendum er frjálst að koma í prófsali allt að 10 mínútum fyrir auglýstan próftíma. Dreifing prófa verður í gangi á meðan þið gangið inn en ykkur er ALGERLEGA ÓHEIMILT AÐ OPNA PRÓFIN fyrr en hringt hefur verið inn. Almennar prófreglur taka gildi um leið og þið komið í salinn t.d. megið þið ekki vera með bækur eða glósur uppi við, ekki talast við og ekki handleika síma. Hringt er formlega inn þremur mínútum fyrir auglýstan próftíma og þá fyrst megið þið opna prófið.

Það fyrsta sem þið gerið þegar þið eruð sest í prófsal er að fylla út viðverumiða með nafni og áfangaheiti. Það er nauðsynlegt að mæta með skilríki með mynd í prófið.

Við biðjum ykkur að kynna ykkur prófreglur skólans mjög vel en þær má finna hér: <https://www.mh.is/is/namid/prof/profreglur>.

Að lokum minni ég á að ef upp koma veikindi eða önnur forföll ber að tilkynna það fyrri hluta prófdags, fyrir kl. 14, í gegnum Innu.

Hikið ekki við að hafa samband ef þið hafið einhverjar spurningar. Viðtalstími prófstjóra er frá 10-11 hvern prófdag í stofu 38. Netfangið mitt er profstjori@mh.is

Með bestu kveðju,

Harpa Hafsteinsdóttir

prófstjóri MH

Dear MH students

A few words regarding the final exams starting next week. IB1 exams are in rooms 7-8. The other final exams take place in Miðgarður or Mikligarður, including Pre-IB exams. (For IB2 exams, see information from the IB Coordinator).

By the main entrances you'll find information on where each exam is each morning. If your exam is in Miðgarður please go up the stairs by the water fountain, leading straight into Miðgarður. If your exam is in Mikligarður you go up the stairs opposite Sómalía and then turn left. There will be signs to help you find your way.

You are free to enter the exam rooms up to 10 minutes before the exam starts. As soon as you enter MH Examination Rules apply (e.g.no books or notes on tables, no talking and no phones). The exam paper will be on the table in front of you but **YOU ARE NOT ALLOWED TO OPEN IT** until the bell rings and the start of the exam is announced.

Please make sure to bring a photo ID with you to show at the start of the exam.

If something is preventing you from attending your exam you need to let us know as soon as possible, before 14:00 on the exam day, via Inna.

Feel free to contact me if you have any questions. I'm in my office in room 38 each morning between 10 and 11 and my email is profstjori@mh.is

Kind regards,

Harpa Hafsteinsdóttir

Director of Exams